

Fundargerð

## 238. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 6. júní 2017 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>10</sup>.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HPH) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
  - (2) Ársreikningur 2016
  - (3) Ökutæki
  - (4) Plastumbúðir
  - (5) Flutningar
  - (6) Ráðstöfunaraðilar
  - (7) Önnur mál

## 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (237. fundar).

Sambykkt

## 2. Ársreikningur

Lagður var fram á fundinum ársreikningur 2016 ásamt skýrsla stjórnar 2016 sem staðfest var á síðasta fundi 23. maí 2017. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

ÓK fór yfir uppgjör einstakra vöruflokka. ÓK sagði frá fyrirspurn frá Ríkisendurskoðun er varðar áhættugreiningu á starfssemi sjóðsins. Farið var yfir áhættuna að hafa eingöngu eina ráðstöfunarleið fyrir flokkaðan úrgang.

Stjórnarmenn ræddu liðinn „bundið eigið fé“ í efnahagsreikningi og óskuðu eftir skýringu frá UAR hvert stefnir með innheimtu á því og ítreka fyrri fyrirspurnir um sama mál. Stjórn óskar eftir að fulltrúar UAR og fjármálaráðuneytis mæti á fund stjórnar til að ræða stöðu á innheimtu úrvinnslugjalds sem og ætlun á áframhaldandi innheimtu á bundnu eigin fé. Einnig að ræða áhættugreiningu fyrir starfssemi sjóðsins. ÓK falið að hafa samband við UAR og fjármálaráðuneytið.

GGP ræddi sjóðssöfnun hjá einstaka vöruflokkum. BS bendir á að ökutæki og hjólbarðar eru með megnið af sjóðssöfnun Úrvinnslusjóðs.

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning fyrir rekstrarárið 2016 og undirritar.*

66P-16  
R.H. H.H.

### **3. Ökutæki**

Farið var yfir ákvæði í lögum um úrvinnslugjald um ökutæki. Þar kemur m.a. fram að gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára.

ÓK fór yfir að á næsta ári falla út í fyrsta skipti ökutæki sem greitt hefur verið af í 15 ár. Fram til þessa hafa ökutæki ekki fallið út fyrr en þau eru orðin eldri en 25 ára. Þetta mun þýða töluverða tekjurlækkun á næsta ári þegar álagning úrvinnslugjalds á óvenju mörg ökutæki fellur burt.

ÓK fór yfir greiningu á áhrifum þessa ákvæðis á rekstur ökutækjafloksins og hugsanleg viðbrögð.

BGH yfirlit fund kl. 13:45

### **4. Plastumbúðir**

GGP fór yfir að plastumbúðir og plast almennt hafa verið töluvert í umræðunni undanfarið, m.a. á stjórnarfundi fyrr á árinu.

GS fór yfir nokkur atriði er varða söfnun á mismunandi flokkum plastumbúða sem bera úrvinnslugjald og þær ráðstöfunarleiðir sem eru í boði. Sagt var frá mikilli aukningu á flokkun og skilum á blönduðum plastumbúðum til endurvinnslu frá heimilum/skrifstofum á milli áranna 2015 og 2016. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni Úrvinnslusjóðs eru um 38% plastumbúða er bera úrvinnslugjald endurnýttar eða endurunnar.

Vakinn var athygli á fundinum á nýútkomin skýrslu frá Nordic Council of Ministers – «Nordic programme to reduce the environmental impact of plastic» <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1092150/FULLTEXT01.pdf>

GGP fór yfir helstu niðurstöður skýrslunnar og óskaði eftir nánari umræðu um hana á næsta stjórnarfundi.

### **5. Flutningar**

Lagt var fram á fundinum minnisblað og tillaga um breytingar á flutningsjöfnun vegna mengaðra plastumbúða sem fara í brennslu hjá Kölku. Endurvinnsluaðilar geta ekki tekið við þessum plastumbúðum auk þess sem sérstakt leyfi þarf fyrir slíkum flutningi milli landa.

*Samþykkt að breyta flutningsjöfnun sem miðar við að flokkaðar mengaðar plastumbúðir fari til Kölku í eyðingu í stað næstu útflutingshafnar.*

### **6. Ráðstöfunaraðilar**

Íslenska gámafelagið hefur lagt inn umsóknir fyrir eftirtalda aðilar sem hafa óskað eftir að gerast ráðstöfunaraðilar við meðhöndlun vegna raftækja:

Óskað er eftir nafnleynd.

*Samþykkt.*

### **7. Önnur mál**

Lagðar voru fram fundinum glærur um WeeeForum 2017 ráðstefnu fyrr á árinu sem farið var yfir á síðasta fundi.

Næsti fundur ákveðinn 20. júní 2017. Fundi slitið kl 14.10

*H. J. - B. Guðmundsson. Óskar Óskarsson  
L. G. P.*